

## Keyrðu kjálkann - birtingar sumar 2021

**Frá** : Díana Jóhannsdóttir <diana@vestfirdir.is>  
**Heiti** : Keyrðu kjálkann - birtingar sumar 2021  
**Málsnúmer** : 2021040069  
**Málsaðili** : Vestfjarðastofa ses.  
**Skráð dags** : 21.04.2021 13:29:10  
**Höfundur** : Díana Jóhannsdóttir <diana@vestfirdir.is>

**Viðhengi** [image003.png](#)  
[image002.png](#)  
[image001.png](#)

Góðan daginn

Síðasta sumar hélt Vestfjarðastofa utan um sameiginlegt markaðsátak með slagorðinu „Keyrum kjálkann“. Í áttakinu var einblínt á stutt skilaboð þar sem dregnar voru fram einfaldar staðreyndir um Vestfirði. Flestar birtingar voru á samfélagsmiðlum og í útvarpi og var vel tekið eftir áttakinu og almenn ánægja með það.

Nú lítur út fyrir að ferðapjónustufyrirtæki verði aftur í sumar að einblína á íslenskan markað og því er Vestfjarðastofa að skoða fjármögnun á sameiginlegum birtingum. Gert er ráð fyrir að nýta sömu herferð sem dregur verulega úr öllum hönnunarkostnaði en standa verður straum af birtingum. Við viljum því kanna hug sveitarfélaganna til að kaupa birtingar undir merkjum Keyrðu kjálkann með það fyrir augum að Vestfjarðastofa reyni að fjármagna hönnun, utanumhald og einhvern hluta almennra birtinga.

Í fyrra voru settir upp þrír mismunandi birtingapakkar, þar sem sveitarfélögin gátu keypt birtingar fyrir 250.000 – 1.000.000 kr. Hægt væri að setja upp sambærilega pakka vegna sumarsins núna eða sérsníða pakka miðað fyrir þau sveitarfélög sem vilja taka þátt.

Gott væri að heyra frá ykkur fljótlega hvort þið hafið áhuga á að keyra með okkur kjálkann í sumar

Kv. Díana Jóhannsdóttir

Visit Westfjords  
Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði  
Sími +354 450 3002. Fax +354 450 3005  
GSM +354 869-1213  
[www.westfjords.is](http://www.westfjords.is)



**visit**

**Westfjord**

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.